



Ytra mat

Leikskólinn Grænigarður Flateyri

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2377-7

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskólinn	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	9
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn.	12
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	19
Annað samstarf	19
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Börn með annað móðurmál en íslensku	21
Innra mat	22
Skipulag og viðfangsefni	22
Gagnaöflun og vinnubrögð	22
Opinber birting og umbætur	22
Matsþættir	23
Samantekt.	24
Lokaorð	27
Heimildir.	28

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og fræðslunefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Húsnæði leikskólans er rúmgott og býður upp á góð tækifæri til metnaðarfulls uppeldisstarfs. Útileiksvæði leikskólans er ekki stórt en vel skipulagt og gefur möguleika á þroskandi leikjum. Í leikskólanum er lögð áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi og vinnu með stærðfræði. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa. 80% starfsmanna leikskólans á annað móðurmál en íslensku. Þar sem eitt af meginmarkmiðum uppeldis og kennslu í leikskóla er að veita skipulega málörvun og stuðla að góðri færni í íslensku er nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum sem hafa íslensku að móðurmáli. Leikskólinn ætti að setja sér einkunnarorð og gera sýnileg. Skoða mætti hvort leikskólann ætti að reka sem eina deild með einum deildarstjóra. Bæta þarf upplýsingagjöf á heimasíðu. Í skýrslu sem unnin var af starfshópi á vegum bæjarstjóra 2017-2018 koma fram tillögur um úrbætur fyrir leikskólann. Matsmenn taka undir þessar hugmyndir og telja mikilvægt að brugðist verði við þeim.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Í leikskólanum er ekki virk skólanámskrá. Nauðsynlegt er að endurskoða hana með aðkomu starfsmanna, foreldra og barna. Endurskoðuð námskrá þarf að uppfylla kröfur aðalnámskrár frá árinu 2011 og samræmast skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Til er starfsáætlun fyrir leik- og grunnskóla Flateyrar 2018-2019 en yfirfara þarf leikskólahlutann með aðkomu starfsmanna, foreldra og barna og gera sýnilega á heimasíðu leikskólans. Leikskólinn nýtur stuðnings og ráðgjafar frá kennslu- og sérkennslufulltrúa frá Skóla- og tómsundasviði Ísafjarðar varðandi almennt uppeldisstarf, aðstoð við skimanir og skipulag sérkennslu/stuðnings. Leikskólinn er með lögbundnar áætlanir um forvarnir, öryggismál og viðbrögð við áföllum. Móttökuáætlun og verkferill vegna móttöku nýrra barna er til í leikskólanum. Einnig eru til verkferlar og skráningareyðublöð vegna slysa í leikskólanum og rýmingaráætlun er vel sýnileg í öllum rýmum leikskólans. Starfsmenn eru almennt ánægðir með stjórnun leikskólans og upplýsingagjöf innan leikskólans, starfsandi og skólabragur væri góður og byggði á samvinnu starfsmanna. Starfsmönnum líður vel í vinnunni og telja þekkingu sína og hæfni vel nýttu. Gera þarf leiðbeinandi starfsmannahandbók í samræmi við starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar og hafa aðgengilega fyrir starfsmenn. Starfsmenn hafa tækifæri til símenntunar hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði en mikilvægt er að skoða fleiri leiðir til að efla fagþekkingu starfsmanna. Leikskólastjóri fylgist ekki reglulega með námi og starfi á deildum en æskilegt væri að koma á þeirri reglu. Tryggja þarf að starfsþróunarsamtöl séu tekin árlega og unnið markvisst með niðurstöður þeirra. Kynna þarf betur áætlanir um viðbrögð við áföllum og forvarnarstefnu fyrir starfsmenn og hafa aðgengilegar í leikskólanum.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Í starfsmannahópi leikskólans er lágt hlutfall menntaðra starfsmanna og flestir starfsmenn leikskólans eiga ekki íslensku að móðurmáli. Starfsmenn reyna þó í flestum tilfellum að vera uppbyggjandi þegar þeir leiðbeina börnunum í samskiptum og samábyrgð þeirra er sýnileg og jákvæð samskipti innan hópsins. Afslappað andrúmsloft er í leikskólanum og börnunum líður vel. Lögð er áhersla á vinnu með læsi og stærðfræði en það er þó sýnilegra á yngri deild. Bæta þarf þessa vinnu á eldri deild og skoða hvernig unnið er með ljóð, sögur og þulur. Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna og fá starfsmenn aðstoð frá skóla- og sérkennslufulltrúa á Skóla- og tómsundasviði Ísafjarðar við þessar skimanir. Stjórnendur og starfsmenn eru sammála um að gott samstarf sé milli þeirra og skóla- og sérkennslufulltrúa. Leikefni leikskólans er margt orðið slitið og þörf á að endurskoða það og endurnýja. Leikefni og efniviður ætti einnig að vera aðgengilegri fyrir börnin. Bókakostur er

einnig orðinn slitinn og ætti yfirfara hann en jafnframt skoða möguleika á samskiptum við Bókasafn Ísafjarðar. Dagskipulag leikskólans þarf að uppfæra, samræma og gera aðgengilegt fyrir foreldra. Ekki er mikið barnalýðræði í leikskólanum og þarf að leggja áherslu á aukna aðkomu barna að ákvarðanatökum og vali á verkefnum. Ekki er nægilega mikil áhersla á sjálfshjálp barna í matartíma og mikilvægt er að auka þann þátt. Börnin fara daglega í útiveru en leggja ætti aukna áherslu á vettvangsferðir og útinám. Æskilegt væri að auka þátttöku og ábyrgð barna í flokkun. Í leikskólanum eru til einingarkubbar og ætti að gera þá aðgengilegri fyrir börnin. Skapandi starf er lítið sýnilegt, efniviður takmarkaður og aðgengi barna að honum lítið. Lítið er um hljóðfæri í leikskólanum og búnað til vísindastarfs. Mikilvægt er að bæta vinnu með þessi námssvið.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Ekki er starfandi foreldraráð við leikskólann og er nauðsynlegt að ráða bót á því. Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leik- og grunnskóla og eiga báðir skólar fulltrúa í stjórn. Foreldrafélagið er í góðu samstarfi við stjórnun og starfsmenn leikskólans. Foreldrar sögðust lítið vita hvað fram fer í leikskólanum daglega eða hvaða áherslur hann hafi. Mikilvægt er að auka upplýsingar til foreldra um daglegt starf leikskólans, líðan og framfarir barna og bæta upplýsingar um áherslur hans meðal annars á heimasíðu og hafa þær á fleiri tungumálum en íslensku. Leikskólinn er með skipulag fyrir samstarf leikskóla, grunnskóla, dægradvalar og íþróttahúss sem er mikilvægt að gera sýnilegt í leikskólanum, fyrir starfsmenn og foreldra. Leikskólinn er með samstarf við slökkvilið bæjarins.

Skóli án aðgreiningar

Leikskólinn nýtur góðs stuðnings skóla- og sérkennslufulltrúi á Skóla- og tólmstundasviði Ísafjarðarbæjar. Stuðningur og ráðgjöf snýr bæði að almennu uppeldisstarfi leikskólans, ráðgjöf vegna sérkennslu/stuðnings og aðstoð við skimanir, úrlestur úr þeim og skil til foreldra. Ísafjarðarbær er með feril fyrir leikskóla sveitarfélagsins ef grunur vaknar um frávik hjá börnum. Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og kallað er eftir túlk í foreldraviðtölum ef með þarf. Tvisvar í viku kemur kennari úr grunnskólanum og vinnur með íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Stórt hlutfall barna á annað móðurmál en íslensku og ætti því að auka íslenskukennslu þeirra og vinna meira með fjölmenningu í leikskólanum. Æskilegt væri að leggja aukna áherslu á að upplýsingar frá leikskólanum séu á fleiri tungumálum en íslensku.

Innra mat

Innra mat var ekki unnið í leikskólanum á síðasta ári. Ófullkomin áætlun er til um innra mat fram til ársins 2021. Samkvæmt leikskólastjóra var ákveðið að nota matstækið *Hversu góður er leikskólinn?* og var það kynnt fyrir starfsmönnum og þeim afhent lestrarefni. Önnur vinna hefur ekki farið af stað. Skipa þarf matsteymi leik- og grunnskólans með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila, gera matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir. Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu. Allir hagsmunaaðilar, starfsmenn, foreldrar og börn, þurfa að hafa aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur. Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat þar sem dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til úrbóta. Síðan þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Leita þarf aðstoðar við að finna raunhæfar leiðir til að meta innra starf leikskólans út frá ofangreindum þáttum. Einnig þarf að leita leiða til að gera könnun meðal starfsmanna og foreldra. Niðurstöður skal birta í starfsáætlun og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Grænagarði á Flateyri. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 25.-26. mars 2019. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólabjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 17. mars á rafrænu formi.² Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaaðila. Matsmenn dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á leikskólanum. Tekin voru rýnivíðtöl við foreldra og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra, starfsmenn, sviðsstjóra og skóla- og sérkennslufulltrúa Skóla og tómsfundasviðs Ísafjarðarbæjar. Haft var samband símleiðis við fulltrúa í stjórn foreldrafélags leik- og grunnskóla. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Grænigarður er tveggja deilda leikskóli á Flateyri. Saga leikskólans er rakin aftur til ársins 1962 þegar Kvenfélagið Brynja hóf rekstur leikskóla en áður hafði félagið í nokkur ár rekið barnaleikvöll með styrk frá Flateyrahreppi. Leikskólinn í núverandi húsnæði var opnaður formlega 1. desember 1996. Leikskólinn er gjöf frá Færeyjum þar sem hann var að mestu leyti byggður fyrir söfnunarfé frá þeim frá árinu 1995. Árið 2012 var ákveðið að skipa einn skólastjóra fyrir leik- og grunnskóla og árið 2017 var fyrst gerð sameiginleg ársskýrsla og ákveðið að fara í sameiningarferli með því meðal annars að gera sameiginlega starfsáætlun.

Leikskólinn er staðsettur í umhverfi þar sem er stutt í fjöruna, fjöllin og sveitina. Húsnæði leikskólans er tveggja hæða bjálkahús og er nýtt fyrir leikskóla á neðri hæð og félagsmiðstöð á efri hæð sem opin er tvisvar í viku. Börnunum er skipt í yngri og eldri hóp og nýta þeir hvora deild fyrir sig. Í leikskólanum dvelja 18 börn á aldrinum tveggja til fimm ára, átta stúlkur og tíu drengir. Eitt barn hefur notið talþjálfunar frá Tröppu ehf. Níu börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn frá klukkan 8:00-16:00.

Vorið 2017 skipaði bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar starfshóp sem fjalla skyldi um áform bæjarstjórnar um flutning leik- og grunnskólans á Flateyri í eitt húsnæði og koma með hugmyndir að leiðum til að styrkja skólustarf á Flateyri. Verkefnisstjóri hópsins var Krístrún Lind Birgisdóttir hjá ráðgjafarfyrtækinu Tröppu ehf. Hópurinn skilaði skýrslu í júní 2018. Í skýrslunni er dregið fram það sem er til staðar varðandi stuðning við stjórnun og starfsmenn, uppeldis- og menntastarfið og starfsmannahald og settar fram hugmyndir um æskilegar úrbætur. Hvað varðar stjórnunarþáttinn setur starfshópurinn fram hugmyndir um ákveðið vinnumodel til að auka reglubundið samstarf stjórnenda á svæðinu. Hvað varðar innra starf skólans er bent á að endurskoða þurfi reglulega skólanámskrá og starfsáætlun og gera sjálfsmat virkt með þátttöku alls skólasamfélagsins. Skólinn þurfi að setja sér skýra stefnu sem allt skólasamfélagið þekki og áhersla verði á einstaklingsmiðað nám. Starfsemi skólans skuli framfylgja viðmiðum um ytra mat menntamálaráðuneytis. Um starfsmannahald segir í skýrslunni að starfsmenn leik- og grunnskóla þurfi að upplifa sig sem eina heild á tveim starfsstöðvum. Til að hægt sé að móta heildstæðan skóla þurfi að tryggja afleysingu á deildum leikskólans svo starfsmenn hans geti fundað reglubundið með starfsmönnum grunnskólans. Hafa ætti sameiginlega starfsmannafundi eftir vinnutíma og fjölga sameiginlegum starfsdögum. Varðandi samstarf skóla og foreldra segir að þó foreldrar séu viljugir til að styðja skólann séu þeir óvissir um hlutverk sitt. Virkja þurfi sameinað skólaráð (foreldraráð í leikskóla) við aðstoð og gerð starfsáætlunar og ráðgjöf fyrir kennara og stjórnendur um mikilvægi foreldrasamstarfs.⁴

Starfsmenn

Við leikskólann starfa fimm starfsmenn í 4,8 stöðugildum. Skólastjóri er í 100% stöðu fyrir sameinaðan leik- og grunnskóla. Enginn aðstoðarleikskólastjóri er við leikskólann og enginn deildarstjóri var starfandi þegar matið fór fram. Einn starfsmaður er með M.Ed. gráðu í uppeldis og menntunarfræði með áherslu á stjórnun og hefur leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi. Við leikskólann starfa þrjú leiðbeinendur án framhaldsmenntunar og leikskólakennari sem starfar utan deildar auk þess að taka einstaka afleysingar. Þegar matið fór fram var hlutfall starfsmanna sem eiga annað móðurmál en íslensku 80%.

⁴ Lokaskýrsla.

Leikskólinn uppfyllir því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.⁵ Meirihluti starfsmanna leikskólans á annað móðurmál en íslensku. Einn starfsmaður fyrir utan leikskólastjóra á íslensku að móðurmáli. Þessi starfsmaður hafði verið í tímabundnum afleysingum og var að hætta störfum þegar matið fór fram. Miðað við samsetningu starfsmannahópsins þegar matið fór fram er erfitt að uppfylla það meginmarkmið uppeldis- og kennslu í leikskóla að veita skipulega málörvun sem stuðlar að eðlilegum framförum og færni í íslensku, sbr. 2. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.⁶

Húsnæði

Húsnæði leikskólans hýsir sem fyrr segir tvær deildir. Frá forstofu er gengið til hægri inn í fataklefa og á deildir, til vinstri er starfsmannaaðstaða. Húsnæði deilda skiptist í tvær stofur, salerni og fataklefa með þurrskápum. Milli deilda er sameiginlegt leikrými og aðstaða fyrir skapandi starf. Í starfsmannarými er skrifstofa leikskólastjóra, undirbúningsherbergi fyrir starfsmenn, kaffistofa starfsmanna, eldhús og salerni. Efri hæð hússins sem gengið er inn í frá forstofu er nýtt sem félagsmiðstöð. Aðstaða er í leikskólanum fyrir sérkennslu og minni fundi. Góð hljóðvist er í húsinu.

Útileiksvæði

Útileiksvæði barnanna er ekki stórt en vel skipulagt og búið leiktækjum, svo sem sandkassa, rólum, litlum kastala með rennibraut og borðum. Góð tækifæri eru utan leikskólans til vettvangsferða og útináms, stutt í fjöru, fjöll og sveit.

Hugmyndafræði og áherslur

Í starfsáætlun leik- og grunnskóla 2018-2019 segir að starfshættir skólanna skuli mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.⁷ Í minnisblaði frá leikskólastjóra segir að leikskólinn leggi áherslu á jákvætt starfsumhverfi, gleði og kærleika. Lögð sé áhersla á lestur og lestrarhvetjandi umhverfi í samræmi við lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar, hreyfingu, útiveru og frjálstan leik. Fram kemur í minnisblaðinu að leggja skuli áherslu á gott samstarf við foreldra. Á sama stað segir að mikil áhersla skuli að vera á fjölmenningu og þar sé tækifæri til úrbóta.⁸ Hluti starfsmanna þekkti áherslur leikskólans um lestrarhvetjandi umhverfi og sama er að segja um foreldra. Leikskólinn hefur ekki sett sér ákveðna stefnu, markmið eða einkunnarorð.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er rúmgott og býður upp á góð tækifæri til metnaðarfulls uppeldisstarfs.
- Útileiksvæði leikskólans er ekki stórt en vel skipulagt og gefur möguleika á þroskandi leikjum.
- Leikskólinn leggur áherslu á lestrarhvetjandi umhverfi.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, ummönnum og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Ráða þarf deildarstjóra fyrir leikskólann en jafnframt skoða hvort réttara væri að reka leikskólann sem eina deild með einum deildarstjóra.

5 Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

6 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

7 Starfsáætlun leikskólans.

8 Minnisblað frá leikskólastjóra

- Nauðsynlegt er að fjölga íslenskumælandi starfsmönnum í leikskólanum. Miðað við núverandi samsetningu starfsmannahópsins er erfitt að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Mikilvægt er að nýta hverja þá aðstoð sem hægt er að fá í samfélaginu til að bæta íslenskt málumhverfi í leikskólanum.
- Endurskoða þarf starfsáætlun fyrir 2018-2019. Leikskólinn þarf að setja sér ákveðna stefnu, markmið og einkunnarorð með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins og gera sýnilegt á heimasíðu leikskólans.
- Framkvæma ætti tillögur um úrbætur sem fram koma í Lokaskýrslu

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans er Ísafjarðarbær. Á vegum bæjarins starfar fræðslunefnd skipuð fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Nefndin fer með hlutverk leikskólanefndar, hefur umsjón með framkvæmd laga um leikskóla, eftirlit með starfsemi þeirra og vinnur að samræmingu leikskólastarfs í sveitarfélaginu.⁹ Sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs er starfsmaður nefndarinnar og næsti yfirmaður leikskólastjóra. Í samtali við sviðsstjóra kom fram að góð samskipti eru við leikskólastjóra. Á skólaskrifstofu Ísafjarðarbæjar starfar skóla- og sérkennslufulltrúi sem sinnir leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Að sögn leikskólastjóra er gott samstarf við sviðsstjóra og skóla- og sérkennslufulltrúa Skóla- og tómsundasviðs og gott sé að leita til þeirra.¹⁰ Í viðtali við skóla- og sérkennslufulltrúa kom fram að hann er í góðum samskiptum við leikskólastjóra og starfsmenn leikskólans.¹¹ Sálfræðingur og talmeinafræðingur vinna sem verktakar hjá skóla- og tómsundasviði. Ísafjarðarbær hefur sett sér skólastefnu sem kom út 2011 og eru einkunnarorð hennar: Virðing – ábyrgð – metnaður – gleði. Í skólastefnunni er fjallað um sex þætti sem eiga að einkenna skólastarf sveitarfélagsins, nám og kennsla, umhverfi og skipulag, hollusta og hreyfing, virðing og lýðræði, farmennska og fagþróun og samstarf og samvinna.¹² Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er ný skólastefna í vinnslu.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Grænagarðs er frá 2014. Þar segir að leitast hafi verið við að starfa í anda Hjallastefnunnar frá hausti 2000 og hafi í starfinu verið lögð áhersla á jákvætt starfsumhverfi, gleði og kærleik auk einfaldleika og festu í umhverfinu.¹³ Skólanámskrá er ekki sýnileg á heimasíðu og starfsmenn og foreldrar þekkja hana ekki. Skólanámskráin hefur ekki verið endurskoðuð af núverandi stjórnendum, starfsmönnum eða foreldrum og hefur því ekki gildi fyrir núverandi starf leikskólans. Að sögn leikskólastjóra er áætlað að endurskoða skólanámskrána og gert ráð fyrir að því verði lokið fyrir árslok 2019. Endurskoðuð námskrá þarf að uppfylla kröfur aðalnámskrár frá árinu 2011¹⁴ og samræmast skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Mikilvægt er að allir fulltrúar leikskólasamfélagsins, starfsmenn, foreldrar og börn, komi að gerð nýrrar skólanámskrár.

Í starfsáætlun leik- og grunnskólans 2018-2019 er að finna þær upplýsingar sem aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Starfsáætlunin er ekki aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í leikskólahluta starfsáætlunar segir að sérstök áhersla verði á læsi og stærðfræði í samræmi við framtíðarsýn Ísafjarðarbæjar. Í starfsáætluninni segir einnig að auka skuli áherslu á umhverfis- og félagslegt læsi í leikskólanum. Lögð verði áhersla á að innleiða málörvun í starfi leikskólans með verkefnum Lubbi finnur málbein og Orðaspjall.¹⁵ Starfsmenn og foreldrar hafa ekki komið að endurskoðun starfsáætlunar og þekkja ekki þær áherslur sem þar koma fram. Fram kom í rýnihópi foreldra að þeir vissu ekki hvort einhver stefna væri í leikskólanum en héldu að verið væri að vinna með eitthvað sérstakt þó þeir vissu það ekki.¹⁶

Ísafjarðarbær hefur sett starfsmannastefnu fyrir sveitarfélagið þar sem einkunnarorðin eru, Þjónusta, frumkvæði og virðing.¹⁷ Starfsmannahandbók er ekki til í leikskólanum en í starfsáætlun segir að í stað handbókar birtist allar nauðsynlegar upplýsingar á vefsíðu skólans og séu þar með aðgengilegar öllum starfsmönnum.¹⁸ Þessar upplýsingar voru ekki aðgengilegar á vefsíðunni. Öryggis- og rýmingaráætlun liggur fyrir og er vel sýnileg í öllum rýmum leikskólans. Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggur fyrir og öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð. Starfsmenn hafa ekki fengið reglulega fræðslu um skyndihjálp. Í leikskólanum er til staðar móttökuáætlun og verkferill við móttöku nýrra barna. Ísafjarðarbær hefur sett jafnréttisstefnu, stefnu um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi.

9 Heimasiða Ísafjarðarbæjar.

10 Viðtal við leikskólastjóra.

11 Viðtöl við fulltrúa skóla- og tómsundasviðs.

12 Skólastefna Ísafjarðarbæjar.

13 Skólanámskrá Grænagarðs.

14 Aðalnámskrá leikskóla 2011.

15 Starfsáætlun leikskólans.

16 Rýnihópur foreldra.

17 Heimasiða Ísafjarðarbæjar

18 Starfsáætlun leikskólans.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Leikskólastjóri hefur stýrt leikskólanum frá ágúst 2018. Leikskólastjóri ber ábyrgð á resktri leikskólans og faglegu starfi. Hefur umsjón með endurmenntun starfsmanna, starfsmannahaldi og launamálum. Ekki er starfandi aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri eða sérkennslustjóri við leikskólann og þar af leiðandi ekki stjórnunarteymi.

Í leikskóladagatali fyrir 2018-2019 er áætlun fyrir skipulagsdaga starfsársins.¹⁹ Skipulagsdagar eru fjórir á ári og eru þeir meðal annars nýttir til námskeiðshalds og deildarfunda. Starfsmannafundir eru fjórir samkvæmt starfsáætlun og þar er rætt um uppeldisstarfið og stefnu leikskólans. Á þessum fundum er einnig rætt um niðurstöður úr skimunum. Ekki er gerð dagskrá eða skrifaðar fundargerðir fyrir starfsmannafundi eða skipulagsdaga. Allir starfsmenn fá undirbúningstíma frá tveim til fjögurra tíma í senn.²⁰

Að mati starfsmanna er upplýsingaflæði í leikskólanum í lagi en mætti þó fylgja því betur eftir í sumum tilfellum. Leikskólastjóri sagði upplýsingar oftast vera munnlegar frá manni til manns eða símleiðis, auk þess sendi hann starfsmönnum tölvupóst. Verklag um móttöku nýrra starfsmanna er að finna í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar sem leikskólinn starfar samkvæmt. Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið gegnum ráðningarferli Ísafjarðarbæjar og sem hluta af því ferli undirrita nýir starfsmenn skjal um trúnað- og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Persónulegar upplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum.

Fagleg forysta

Í viðtali sagðist leikskólastjóri aðhyllast þá aðferð að vera frekar leiðbeinandi í samskiptum sínum en að nota skipanir. Hann sagðist eiga frekar auðvelt með samskipti við fólk og þau samskipti væru lýðræðisleg.²¹ Skóla- og sérkennslufulltrúi fundar reglulega með leikskólastjórum á svæðinu.

Starfsmenn og foreldrar sögðust eiga góð samskipti við leikskólastjóran, hann veiti góðar upplýsingar og sé alltaf tilbúinn að aðstoða. Leikskólastjóri er einn dag í viku í leikskólanum og því minna sýnilegur þar en í grunnskólanum, starfsmenn og foreldrar sögðu þó að auðvelt væri að ná sambandi við hann í síma eða tölvupósti. Í samtali við sviðsstjóra Skóla- og tómsundasviðs kom fram að leikskólastjórinn leysir úr málum sem upp koma en leiti eftir aðstoð ef með þarf.²² Elstu börnin í rýnihópi sögðust þekkja leikskólastjóra vel og það væri hann sem réði öllu í leikskólanum.²³

Eins og áður hefur komið fram er leikskólastjóri einn dag í viku í leikskólanum og fer þá inn á deildir til að hitta börnin og fylgjast með því sem þau eru að gera, einnig hjálpar hann til á deildum og leysir af ef þörf krefur. Leikskólastjóri sagðist ekki fylgjast með uppeldisstarfinu að öðru leyti eða gefa starfsmönnum leiðsögn. Hann sagði starfsmenn vera sjálfstæða og grípa tækifærin þegar það hentar. Hann sagðist þó ef til vill þurfa að fylgjast betur með starfinu sérstaklega í eldri hópnum en fram að þessu hafi hann haft nóg að gera við að koma sér inn í stjórnunarstarfið. Leikskólastjóri sagðist reyna að hrósa fyrir það sem vel er gert.²⁴ Starfsmenn sögðust geta leitað eftir ráðgjöf og stuðningi til leikskólastjóra og skóla- og sérkennslufulltrúa hjá Ísafjarðarbæ. Aðspurðir um hverjir helstu styrkleikar leikskólans væru nefndu starfsmenn gott samstarf hópsins sem þeir sögðu leggja sig fram um að gera sitt besta.²⁵ Leikskólastjóri taldi vinnu með læsi hjá yngri börnunum og hreyfiprógramm fyrir eldri börnin vera aðal styrkleika leikskólastarfsins.²⁶ Í viðtali við skóla- og sérkennsluráðgjafa kom fram að hann er með eftirlitsskyldu varðandi uppeldisstarfið í leikskólanum. Hann fylgist með uppeldisstarfinu þegar hann kemur í leikskólann og hrósar eða gerir athugasemdir eftir því sem við á en fram kom í viðtalinu að hann vildi hafa möguleika á að koma oftari í leikskólann. Styrkleika leikskólans telur hann vera að starfsmenn eru áhugasamir og duglegir að leita eftir ráðgjöf. Skóla- og sérkennsluráðgjafi hefur

19 Leikskóladagatal Grænagarðs 2018-2019.

20 Viðtöl við leikskólastjóra og starfsmenn.

21 Viðtöl við leikskólastjóra.

22 Viðtöl við sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs.

23 Rýnihópur barna.

24 Viðtöl við leikskólastjóra.

25 Viðtöl við starfsmenn.

26 Viðtöl við leikskólastjóra.

komið á starfsmannfund og sagði starfsmenn hafa rætt um að fræðsla sem boðið væri upp á þyrfti að mæta betur þörfum þeirra og leikskólastarfsins. Vandí leikskólans sé fáir starfsmenn og þess vegna sé til dæmis erfitt að ná góðu samtali við þá um innra starf, símat og ígrundun.²⁷

Gert er ráð fyrir að starfsþróunarsamtöl séu tekin einu sinni á ári. Í undirbúningi er að taka þau í mars/apríl 2019. Á heimasíðu Ísafjarðarbæjar er eyðublað fyrir undirbúning starfsþróunarsamtala.²⁸ Að sögn leikskólastjóra hefur hann ekki kynnt sér nægilega námsframboð hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Árlega sé einn sameiginlegur námskeiðsdagur fyrir alla starfsmenn leikskóla Ísafjarðarbæjar undirbúinn af Skóla- og tómstundasviði.²⁹ Fram kom hjá starfsmönnum að þeir fái upplýsingar um fræðslutilboð frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða en erfitt sé að sækja sér endurmenntun vegna manneklu. Starfsmenn sögðust einnig vilja sjá fjölbreyttara framboð af fræðslu.³⁰ Í samtali við leikskólastjóra kom fram að hann hafi ekki kynnt sér nægilega námsframboð hjá Fræðslumiðstöðinni og ekki enn þá komið sér upp kerfi til að skrá upplýsingar um endurmenntun starfsmanna og þekkingu. Hann segist þekkja til slíkrar vinnu frá fyrri vinnustað sínum og hefur hugsað sér að taka slíkt vinnulag upp í leikskólanum.³¹

Starfsandi og starfsánægja

Í viðtölum við starfsmenn kom fram að almennt væri samstarf hópsins gott, jákvæður andi og vinátta innan hópsins. Starfshópurinn væri samhentur og áhersla á samstarf milli hópa eftir því sem þörf krefur. Starfsmenn nefndu að æskilegt væri að hafa starfsmann til afleysinga á undirbúningstímum og auka möguleika starfsmanna á að sækja sér fræðslu. Einnig nefndu starfsmenn að einmanalegt væri að vera alltaf einn í kaffitíma. Ekki væri samstarf milli starfsmanna leikskóla og grunnskóla þó þetta sé ein stofnun. Yfirleitt væri tekið tillit til ólíkra sjónarmiða og starfsmönnum líður vel og telja að hæfni þeirra nýtist í starfi. Mikið hefur verið um mannabreytingar á síðastliðnu ári og að mati foreldra var mikil eftirsjá í leikskólakennara sem unnið hafði lengi í leikskólanum. Deildarstjóra vantar í leikskólann og fram kom hjá starfsmönnum að mikilvægt væri að bæta úr því þar sem enginn er til að skipuleggja starfið í leikskólanum.³² Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að starfsandinn í leikskólanum væri nokkuð góður í dag, búnir að vera erfiðleikar, oft mikið álag á starfsmönnum. Gleði innan leikskólans mætti vera meiri en leikskólastjóri telur samstarfið þó byggja á virðingu og vinsemd. Sjálfur sagði leikskólastjóri að sér liði vel í vinnunni en efaðist stundum um frammistöðu sína sem leikskólastjóri. Hann sagðist fá hrós frá yfirmönnum, jákvætt viðmót frá samstarfsmönnum og telur sig hafa traust samfélagsins. Sagði að sig vantaði stuðning til að byggja upp starfið í leikskólanum, hann fái stuðning frá Ísafjarðarbæ en sá stuðningur þyrfti að vera skipulagðari. Skóla- og sérkennslufulltrúi kom áður reglulega á fundi með leikskólastóra en þeir fundir nýttust ekki nógu vel. Að mati leikskólastjóra þarf að endurskoða þann stuðning og auka ráðgjöf.³³

Styrkleikar

- Leikskólinn nýtir sér stuðning og ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði Ísafjarðarbæjar.
- Skóla- og sérkennslufulltrúi er með eftirlitsskyldu varðandi uppeldisstarfið í leikskólanum.
- Starfsáætlun er til staðar í leikskólanum en nauðsynlegt er að yfirfara leikskólakafla hennar með aðkomu starfsmanna, foreldra og barna.
- Lögbundnar áætlanir eru til um viðbrögð við áföllum, vegna forvarnar og öryggismála og um upphaf leikskólagöngu barna.
- Til eru verkferlar og skráningareyðublöð vegna slysa í leikskólanum.
- Rýmingaráætlun er vel sýnileg í öllum rýmum leikskólans.
- Almennt eru starfsmenn og foreldrar ánægðir með stjórnun leikskólans og upplýsingagjöf innan hans.

27 Viðtal við skóla- og sérkennslufulltrúa.

28 Starfsmannastefna Ísafjarðarbæjar.

29 Viðtal við leikskólastjóra.

30 Viðtöl við starfsmenn.

31 Viðtal við leikskólastjóra.

32 Viðtöl við starfsmenn.

33 Viðtal við leikskólastjóra.

- Starfsandi og skólabragur er góður og byggir á samvinnu starfsmanna, þeim líður vel í vinnunni og telja þekkingu sína og hæfni vel nýttta.

Tækifæri til umbóta

- Auka þarf og skipuleggja betur stuðning og ráðgjöf við leikskólastjóra.
- Vinna þarf nýja skólanámskrá í samræmi við áherslur aðalnámskrár leikskóla og skólustefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn, foreldrar og börn þurfa að taka þátt í þessari vinnu og skólanámskrá skal síðan vera sýnileg á heimasíðu leikskólans.
- Endurskoða leikskólahluta starfsáætlunar með starfsmönnum, foreldrum og börnum og starfsáætlun á að vera sýnilega á heimasíðu leikskólans og virk í starfi leikskólans.
- Skoða mætti hvort hægt væri að fjölga fólki til afleysinga í leikskólanum og auka samvinnu starfsmanna í leikskóla og grunnskóla.
- Gera þarf leiðbeinandi starfsmannahandbók í samræmi við starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar og gera hana aðgengilega fyrir starfsmenn.
- Greina þarf óskir starfsmanna um fræðslu sem hentar þeim og leikskólastarfinu og leita leiða til að auðvelda þeim að sækja símenntun.
- Æskilegt er að leikskólastjóri fylgist með námi og starfi á deildum í því skyni að veita starfsmönnum leiðsögn og endurgjöf.
- Tryggja þarf að starfsþróunarsamtöl séu tekin árlega og unnið markvisst með niðurstöður þeirra.
- Kynna þarf betur áætlanir um viðbrögð við áföllum og forvarnarstefnu Ísafjarðarbæjar fyrir starfsmönnum og gera aðgengilegar í leikskólanum.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Útileiksvæði leikskólans er ekki stórt en býður upp á all fjölbreytt viðfangsefni auk þess sem umhverfi utan leikskólalóðar gefur góða möguleika til útináms, gönguferða og náttúruskoðunar. Skipulag innanhúss gefur tækifæri til fjölbreyttra viðfangsefna. Eins og áður hefur komið fram hefur hver deild tvær leikstofur og sameiginlegt rými er milli deilda með listakrök og leiksvæði fyrir kubbaleiki. Bókasafn leikskólans er staðsett í vinnuherbergi starfsmanna. Mikið af bókunum er farið að láta á sjá og því æskilegt að yfirfara bókasafnið og ef til vill huga að möguleikum á að nýta þjónustu Bókasafns Ísafjarðar.

Í leikskólahluta starfsáætlunar er ekki lögð áhersla á mikilvægi frjálsa leiksins en í minnisblaði frá leikskólastjóra segir að leggja eigi áherslu á hreyfingu, útiveru og frjálsan leik barnanna.³⁴ Ekki eru sérstakar áherslur varðandi leikföng eða efnisval í leikskólanum. Einingarkubbar og holukubbar eru staðsettir á sameiginlegu svæði leikskólans og þar er einnig efni til skapandi starfs. Annað leikefni er sæmilega fjölbreytt en þarfnast endurskoðunar og að hluta til endurnýjunar. Aðgengi barna að efnivið er takmarkað. Í starfsáætlun segir að unnið verði með þema vetrarins, auk þess sem markvisst verði unnið með verkefnið *Stillum saman strengi*, sem verið hefur í gangi í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar frá árinu 2014 og snýst meðal annars um skimanir í skólum. Þar segir einnig að hópátímar séu tvisvar á dag, valttímar tvisvar á dag, hvíld eftir hádegi.³⁵ Dagskipulag leikskólans sýnir helstu verkefni yfir daginn og verkaskiptingu starfsmanna. Þar kemur fram að dagurinn skiptist í hópátíma, valttíma, söngstund, útiveru og matartíma. Frjáls leikur er samkvæmt dagskipulaginu í 45 mínútur í lok dags. Útivera er alla daga á báðum deildum. Í dagskipulaginu kemur ekki fram hvað á að gera í hópastarfi og valttíma. Dagskipulagið er ekki sýnilegt fyrir foreldra. Í hópátíma á yngri deild sáu starfsmenn hvernig unnið var með læsisverkefnið Lubba, börnin æfðu nöfn stafa og hljóð með því meðal annars að syngja vísur um hvern staf. Í valttíma á yngri deild tóku börnin þátt í að velja leikefni úr leikfangaskáp og starfsmenn tóku þátt í leiknum með börnunum á gólfinu. Matsmenn sáu ekki sambærilegt starf á eldri deild, tekið skal fram að fastur starfsmaður deildarinnar var í veikindaleyfi þegar matið fór fram. Elstu börnin eiga að fá markvissa hreyfipjálfun með skipulögðum hreyfileikjum inni á deild og með tímum í íþróttahúsi.³⁶ Matsmenn urðu ekki vitni að vinnu með markvissa hreyfipjálfun á deild.

Ekki kemur fram að farið sé í vettvangsferðir eða útinám og börnin sögðust sjaldan fara í gönguferðir. Á yngri deild er skema fyrir vikuna þar sem fram kemur hvað verið er að gera í hópastarfi svo sem spila, æfa stafi, klippa, ræða saman og fleira. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni er þetta skema kynnt fyrir foreldrum í lok hvers mánaðar.³⁷ Ekki er sambærilegt skema á eldri deild. Að sögn elstu barnanna er til nóg af dóti í leikskólanum þó bæta mætti við körlum í legóið. Þeim finnst skemmtilegt að róla og renna á rassapotum.³⁸

Starfshættir

Áhersla er á læsi og stærðfræði í leikskólanum fyrir þetta starfsár, sérstaklega á yngri deild. Reyndari starfsmenn skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum, skipuleggja og sjá um hópastarf og þjálfa nýja starfsmenn. Þeir bera einnig ábyrgð á samskiptum við foreldra og foreldraviðtölum. Börnum er skipt í hópa eftir aldri, yngri og eldri hópar á báðum deildum. Samstarf og samábyrgð starfsmanna var sýnileg milli deilda þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi og að mati starfsmanna er samstarf á deildum gott. Starfsmenn sögðust hafa frelsi til að koma með sínar áherslur og hugmyndir inn í starfið og þeim sé almennt vel tekið. Íslenskumælandi starfsmaður nefndi að hann reyni að leggja áherslu á að börnin setji orð á hluti og athafnir og vera þeim fyrirmynd til dæmis í matartíma.³⁹ Vettvangsathugun leiddi í ljós að vinna með læsi og stærðfræði var markvissari á yngri deild og þátttaka starfsmanna í leik barnanna meiri en á eldri deild. Eins og áður hefur komið fram voru foreldrar í rýnihópi óvissir um uppeldisstarf leikskólans, vissu til dæmis ekki hvað væri unnið með elstu börnunum og höfðu

34 Minnisblað frá leikskólastjóra.

35 Starfsáætlun leikskólans.

36 Starfsáætlun leikskólans.

37 Viðtöl við starfsmenn.

38 Rýnihópur barna.

39 Viðtöl við starfsmenn.

á tilfinningunni að það væri ekki nógu gott. Þeir vildu vita meira um hvaða verkefni væru í gangi í leikskólanum til að geta haldið þeirri vinnu áfram heima. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir töldu sig hafa ekki góða yfirsýn yfir hvað fer fram í leikskólanum daglega. Foreldrar höfðu einnig áhyggjur af málumhverfinu í leikskólanum, of stórt hlutfall starfsmanna sem ekki á íslensku að móðurmáli.⁴⁰ Bentu á að það kæmi bæði niður á íslenskumælandi börnum og börnum sem eiga annað móðurmál. Ekki eru samræmdar reglur um samskipti starfsmanna og barna eða hvernig taka skal á erfiðum samskiptum milli barna. Í vettvangsathugun sáu matsmenn jákvæð samskipti við börn en skortur á íslenskukunnáttu starfsmanna hamlar uppbyggilegum samræðum við börnin. Starfsmenn nota Mentor til að skrá börnin inn og út í leikskólann og þar eru einnig skráðar upplýsingar um matartíma og svefn yngri barnanna.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í starfsáætlun leikskólans er ekki talað um að unnið skuli að lýðræði og jafnrétti barna. Fram kom í viðtölum við og starfsmenn að börnin á yngri deild fá að velja dótið í leiktíma, þau vita hvar dótið er geymt og hvaða leikefni er í boði. Börnin fá að velja lag í söngstund og stundum hvaða bók er lesin. Fyrirfram er ákveðið af starfsmanni hvað á að gera í hópatíma. Elstu börnin nefndu nokkrar reglur sem kennararnir þjuggu til svo sem ekki meiða eða ýta og ekki fara fram „en það séu nú bara óvitar sem gera svoleiðis.“ Þau sögðust stundum fá að stjórna í sögustund og velja lag þegar þau fara í stoppdans. Börnin nefndu val sem var einu sinni, þar sem þau máttu velja verkefni en „það er ekki lengur val“ og þau sakna þess.⁴¹ Að mati leikskólastjóra er lýðræðislegi þátturinn í starfinu með börnunum eitthvað sem ætti að skoða.⁴² Á vettvangi var sýnilegt jafnrétti og hlutdeild allra barnanna í starfinu. Eldri börnin hjálpuðu sér sjálf við að klæða sig úr og í fyrir og eftir útivist og yngri börnin voru að hluta til hvött til að hjálpa sér sjálf. Í matartíma var börnunum skammtaður maturinn en þau gengu frá leirtauinu sínu eftir matinn. Ekki kom fram að börnin væru hvött til að segja frá í samverustundum eða minni hópum.

Námssvið

Í starfsáætlun koma fram áherslur um hvernig vinna á að eftirtöldum námssviðum aðalnámskrár: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi. Ekki eru settar fram áherslur fyrir skapandi starf, menningu og tónlist.

Um læsi og samskipti segir að unnið verði áfram að læsishvetjandi verkefnum í leikskólanum. Þar er talað um margskonar verkefni sem hvetja til bóklæsis, s.s. ritmál í umhverfi barnanna, bóklestur, ljóðalestur. Unnið er með *Lubbi finnur málbein*, *Sögugrunninn* og *Stafakarlarana*. Þar segir einnig að ræða skuli efni bóka, fara yfir stafrófið, ríma og æfa ritun. Tvisvar í viku koma tveir eldri borgarar (sjálfbóðaliðar) á staðinn til að lesa upp fyrir börnin.⁴³

Eins og áður hefur komið fram er unnið með læsi í hópastarfi með innlögn stafa og hljóða. Ritmál er sem áður segir vel sýnilegt í leikskólanum, sérstaklega á yngri deild, þó mætti athuga að færa hluta af því í sjónhæð barnanna. Bókakostur er eins og áður segir, úr sér genginn að hluta og bækur ekki aðgengilegar fyrir börnin. Leikskólinn nýtir ekki þjónustu bókasafns Ísafjarðar. Í samverustundum eru lesnar bækur fyrir börnin en matsmenn urðu ekki varir við að sungið væri með þeim, lesin ljóð eða þulur.

Heilbrigði og vellíðan barnanna er styrkt með daglegri útiveru og frjálsum leik. Eldri hópurinn hefur aðgang að Íþróttahúsi grunnskólans einu sinni í viku. Í starfsáætlun segir að auka skuli áherslu á umhverfislæsi í leikskólanum með meiri áherslu á árstíða- og náttúrutengd verkefni og fara í vettvangsferðir.⁴⁴ Ekki er útikennsla í leikskólanum og ekki mikið um vettvangsferðir eða gönguferðir um nágrennið.

Í starfsáætlun segir um sjálfbærni og vísindi að áhersla verði á einingarkubba og að efla notkun þeirra

40 Rýnihópur foreldra.

41 Rýnihópur barna.

42 Viðtal við leikskólastjóra.

43 Starfsáætlun leikskólans.

44 Starfsáætlun leikskólans.

í námi og leik barnanna. Efla stærðfræðilæsi með ýmiskonar talningu og vinnu með stærðfræðihugtök, einingarkubba, bingó og púsluspilum.⁴⁵ Matsmenn sáu vinnu með stærðfræðihugtök svo sem talna-skilning, talningu og fleira. Leikskólinn er ekki vel búinn hvað varðar opinn efnivið, einingarkubbar eru ekki nægilega aðgengilegir fyrir börnin en eitthvað er til af holukubbun og legókubbum sem börnin hafa aðgengi að og styður það við stærðfræðináms og sköpun. Annar búnaður til vísindastarfs er ekki sýnilegur í leikskólanum. Samkvæmt umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar á flokkun á sorpi, endurnýting og endurvinnsla að vera hluti af starfsemi leikskólans. Í leikskólanum er flokkunarkerfi, pappír, plast og almennt sorp. Matsmenn sáu börnin ekki mikið taka þátt í þessari flokkun utan frágangs matarafanga eftir matartíma. Ekki er boðið uppá útinám í leikskólanum eða unnið með ræktun.

Aðstaða er til listsköpunar í sameiginlegu rými milli deilda leikskólans. Efniviður til skapandi starfs er lítil og ekki aðgengilegur börnunum. Matsmenn sáu ekki vinnu með skapandi starf ef frá er talin vinna með leir. Matsmenn urðu ekki varir við að unnið væri markvisst með tónlist í leikskólanum.

Velferð og líðan barna

Á vettvangi sáu matsmenn að andrúmsloft á deildum var yfirleitt afslappað og börnunum virtist líða vel. Starfsmenn á deildum voru almennt nærri börnunum í leik en þó var mismunandi hvort þeir tóku þátt í frjálsum leik þeirra á gólfinu. Foreldrar sögðu að börnunum liði vel í leikskólanum, yfirleitt væri vel tekið á móti þeim og þau væru glöð að fara í leikskólann á morgnana. Þeir sögðu að yfirleitt væri komið vel fram við börnin en nefndu aftur tungumálavanda starfsmanna.

Móttökuáætlun er fyrir ný börn í leikskólanum sem felst í því að foreldrar dvelja í leikskólanum með börnum sínum fyrstu þrjá dagana og taka fullan þátt í að sinna barninu sínu, oft kallað þátttökuáðlögun.

Mat á námi og velferð barna

Til að meta nám og framfarir barna eru notuð viðurkennd matstæki. Málþroskaskimun-EFI-2 er lögð fyrir þriggja ára börn, Hreyfiþroskapróf fyrir öll börn, Hljóm2 sem kannar hljóð- og málvitund, er lagt fyrir fimm ára börn. Tove Krog-prófið sem kannar athygli/einbeitingu, málskilning, fínhyringar, formskyn, talnagildi o.fl. (e. *Controlled Drawing Observation - CDO*) er lagt fyrir fimm ára börn og MÍÓ sem er skimunartæki sem metur stærðfræðikunnáttu barna, er lagt fyrir árlega frá tveggja og hálfis árs aldri. Skóla og sérkennslufulltrúi frá skóla- og tómsundasviði leggur fyrir þessar skimanir og kynnr niðurstöður fyrir starfsmönnum og foreldrum. Ekki eru gerðar skráningar í leikskólanum og foreldrar taka ekki þátt í að meta nám og framfarir barna. Í starfsáætlun segir að leitað verði að matsaðferð til að ná fram sýn barna á starf skólans.⁴⁶ Engin slík vinna var í gangi í leikskólanum.

Styrkleikar

- Starfsmenn eru í flestum tilfellum uppbyggjandi þegar þeir leiðbeina börnunum í samskiptum.
- Starfsmenn á yngri deild taka virkan þátt í frjálsum leik barnanna.
- Samábyrgð starfsmanna er sýnileg og jákvæð samskipti innan hópsins.
- Vel er staðið að aðlögun nýrra barna í leikskólanum og móttökuáætlun er til fyrir börn sem eru að hefja leikskólagöngu.
- Afslappað andrúmsloft er í leikskólanum og börnunum líður vel.
- Markviss vinna er með læsi og stærðfræði á yngri deild.
- Samstarf er milli leikskóla og íþróttahúss grunnskólans.

45 Starfsáætlun leikskólans.

46 Starfsáætlun leikskólans.

- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.
- Gott samstarf er milli stjórnenda og starfsmanna leikskólans og skóla- og sérkennslufulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að endurskoða og endurnýja leikefni og efnivið og gera aðgengilegri fyrir börnin.
- Æskilegt er að yfirfara bókakost leikskólans og skoða möguleika á samskiptum við Bókasafn Ísafjarðar.
- Uppfæra og samræma þarf dagskipulag í leikskólanum og gera aðgengilegt fyrir foreldra.
- Bæta þarf vinnu með læsi og stærðfræði á eldri deild og skoða hvernig unnið er með ljóð, sögur og þulur.
- Leggja þarf áherslu á aðkomu barna að ákvarðanatökum og vali á verkefnum.
- Auka þarf áherslu á sjálfshjálp barnanna í matartímum.
- Leggja aukna áherslu á vettvangsferðir og útinám.
- Leggja aukna áherslu á þátttöku og ábyrgð barna í flokkun.
- Gera einingarkubba og annað leikefni aðgengilegt fyrir börnin.
- Leggja aukna áherslu á skapandi starf í leikskólanum, yfirfara efnivið til skapandi starfs og gera aðgengilegan fyrir börnin.
- Æskilegt að auka búnað til vísindastarfs í tengslum við rannsóknir, ræktun og útinám.
- Meta hvernig unnið er með tónlist í leikskólanum og auka ef með þarf.
- Leita þarf leiða til að meta nám og framfarir barna með aðkomu starfsmanna og foreldra.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Ekki er starfandi foreldraráð við leikskólann. Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leik- og grunnskóla. Tveir fulltrúar frá foreldrum leikskóla eru í stjórn félagsins. Engar upplýsingar um starfsemi félagsins er að finna á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélagið sér um fasta þætti í leikskólanum svo sem Öskudagsskemmtun og jólaball. Fyrir jólin taka foreldrar þátt í að skreyta piparkökur, einu sinni að vetri er boðið upp á foreldrakaffi og á degi leikskólans í febrúar er opinn dagur með sýningu á vinnu barnanna. Að sögn leikskólastjóra er samstarf við foreldra nokkuð gott og fer að mestu fram í daglegum samskiptum. Upplýsingagjöf frá leikskólastjóra er aðallega með tölvupósti í gegnum Mentor. Allar upplýsingar til foreldra eru á íslensku og gert ráð fyrir að foreldrar leiti sér sjálfir aðstoðar ef þeir skilja ekki skilaboðin. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingar frá leikskólastjóra en aðspurðir um hvernig daglegum upplýsingum væri komið til skila sögðu foreldrar það færi eftir því hver væri að vinna hversu miklar upplýsingar þeir fengju. Tungumálaerfiðleikar þar sem starfsmenn geta ekki tjáð sig á íslensku draga úr gæðum daglegra upplýsinga til foreldra. Litlar upplýsingar eru á heimasíðu leikskólans og eingöngu á íslensku. Hins vegar nefndu foreldrar góð viðbrögð matráðs leik- og grunnskólans vegna fæðuofnæmis hjá barni.⁴⁷

Foreldrar greiða ekki gjald í foreldrafélag. Ekki var haldinn árlegur foreldrafundur haustið 2018 til að kynna starfsemi leikskólans. Foreldrar sögðust ekki koma inn á leikskólann til að taka þátt í starfinu.⁴⁸ Foreldrasamtöl eru árlega á vorönn þar sem fjallað er um líðan og þroska barnanna. Að sögn foreldra er þar farið yfir niðurstöður úr skimunum. Ef á þarf að halda eru fengnir túlkar í foreldraviðtöl. Í upphafi skólagöngu fá foreldrar almennar upplýsingar um leikskólann og aðlögun barns.

Viðhorf foreldra

Foreldrar voru sæmlega jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn hans. Þeir töldu samskipti starfsmanna við börnin almennt góð, leikskólinn væri lítil eining og starfsmenn því fljótir að kynnast börnunum og leyfi öllum einstaklingum að njóta sín. Foreldrar lýstu einnig yfir ánægju með þá tilhögun að tveir eldri borgarar koma til að lesa fyrir börnin tvisvar í viku. Foreldrar tóku fram að þeir töldu starfsmenn vera að reyna sitt besta í starfinu en vandinn væri eins og áður hefur komið fram skortur á íslensku máli í umhverfi barnanna.

Samstarf við grunnskóla

Í starfsáætlun leik- og grunnskóla kemur fram áætlun um samskipti milli skólastiganna. Þar er talað um heimsóknir nemenda milli leikskóla, grunnskóla og dægradvalar.⁴⁹ Fram kom hjá leikskólastjóra að unnið er samkvæmt reglum frá Ísafjarðarbæ um samskipti skólastiga.⁵⁰ Að sögn starfsmanna fara elstu börnin einu sinni í viku í íþróttahús með börnum úr dægradvöl

Annað samstarf

Leikskólar Ísafjarðarbæjar halda sameiginleg vorhátíð með myndlistarsýningu þar sem börn og starfsmenn frá öllum leikskólum bæjarfélagsins hittast. Bæjarhlutarnir skiptast á um að halda utan um vorhátíðina. Leikskólinn á í samstarfi við íþróttahús grunnskólans. Samstarf er við slökkvilið bæjarins sem meðal annars gerir rýmingaráætlun með leikskólanum.

47 Rýnihópur foreldra.

48 Viðtal við leikskólastjóra.

49 Starfsáætlun leikskólans.

50 Viðtal við leikskólastjóra.

Styrkleikar

- Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leik- og grunnskóla og eiga báðir skólar fulltrúa í stjórn.
- Samstarf er milli leikskóla Ísafjarðarbæjar.
- Samstarf er við íþróttahús grunnskólans og slökkvilið bæjarins.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa skal foreldraráð við leikskólann í samræmi við Lög um leikskóla 90/2008, 11 grein.
- Auka þarf upplýsingar til foreldra um börnin og daglegt starf í leikskólanum.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu og hafa á fleiri tungumálum en íslensku.
- Gera ætti sýnilegt fyrir starfsmenn og foreldra skipulag um samstarf leikskóla, grunnskóla, dægradvalar og íþróttahúss.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Við leikskólann er ekki sérkennslustjóri en skóla- og sérkennslustjóri við Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar veitir ráðgjöf vegna sérkennslu/stuðnings í leikskólanum. Hann gerir skimanir og skilar niðurstöðum til foreldra í leikskólum, aðstoðar einnig við gerð einstaklingsáætlana, fylgir þeim eftir og aðstoðar við endurskoðun á þeim. Foreldrar samþykkja áætlanir og fá afrit af þeim auk þess fá foreldrar verkefni til að vinna með börnunum heima. Lögð er áhersla á ábyrgð allra á þessari vinnu.

Ef grunur vaknar um frávík hjá barni í leikskólanum er farið eftir ferli sem Ísafjarðarbær hefur gert fyrir leikskóla sveitarfélagsins.⁵¹ Byrjað er á að gera skráningar á barninu í leik og starfi. Ef ástæða þykir er málinu fylgt eftir í samráði við foreldra. Sérkennslufulltrúi kemur þá í leikskólann til að fylgist með barninu og ákveður hvort breyta þurfi vinnulagi leikskólans með aðstoð hans en deildarstjóri ber þá ábyrgð á þeirri vinnu, eða hvort að barnið þurfi á sérfræðiaðstoð að halda.⁵² Þetta ferli er ekki aðgengilegt í leikskólanum. Sálfræðingur og talmeinafræðingur starfa sem verktakar hjá Ísafjarðarbæ. Eitt barn í leikskólann hefur notið þjónustu frá Tröppu ehf. og lýstu starfsmenn og foreldrar ánægju með þá þjónustu. Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra er enn verið að vinna með verkefnið *Stillum saman strengi*.⁵³

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í starfsáætlun leikskólans er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Stórt hlutfall barna í leikskólanum er í þessum hópi og árið 2018 tók leikskólinn á móti börnum flóttamanna. Kennari úr grunnskólanum kemur tvisvar í viku til að vinna með íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Í þeim tímum er lögð áhersla á að blanda saman íslenskumælandi börnum og börnum með annað móðurmál. Leikskólinn getur kallað eftir túlki ef með þarf í foreldraviðtölum. Allar upplýsingar til foreldra eru á íslensku og eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að foreldrar leiti sér sjálfir aðstoðar ef þeir skilja ekki skilaboðin. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að hann telur að áhersla ætti að vera á fjölmenningu í leikskólanum og lítur á það sem tækifæri til útbóta.⁵⁴

Styrkleikar

- Skóla- og sérkennslufulltrúi skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar veitir ráðgjöf vegna sérkennslu/stuðnings í leikskólanum.
- Í leikskólanum er unnið eftir óskráðum ferli ef grunur vaknar um frávík hjá börnum.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Leikskólinn getur kallað til túlk ef með þarf.
- Tvisvar í viku er íslenskukennsla fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti ferli vegna gruns um frávík hjá börnum sýnilegt í leikskólanum.
- Auka ætti vinnu með fjölmenningu í leikskólanum.
- Auka þarf íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Hafa ætti upplýsingar frá leikskólanum á fleiri tungumálum en íslensku.

51 Tölvupóstur frá skóla- og sérkennslufulltrúa.

52 Starfsáætlun leikskólans.

53 Viðtal við leikskólastjóra.

54 Viðtal við leikskólastjóra.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í starfsáætlun leikskólans er ófullkomin áætlun um innra mat fram til ársins 2021. Í áætlunina vantar námkvæmari tímasetningar og ábyrgðarmenn. Samkvæmt þessari áætlun átti að framkvæma mat á stjórnun árið 2018 og birta niðurstöður á heimasíðu. Engar slíkar upplýsingar er að finna á heimasíðunni. Leita þarf aðstoðar við að finna raunhæfar leiðir til að meta innra starf leikskólans. Samkvæmt leikskólastjóra er búið að ákveða að nota matstækið Hversu góður er leikskólinn? (e. How good is our school?) Leikskólastjóri sagðist hafa að kynnt þetta verkefni fyrir starfsmönnum og þeir hafi fengið fyrsta hlutann til að lesa yfir en önnur vinna hafi ekki farið af stað. Þar sem flestir starfsmenn leikskólans tala/lesa takmarkaða íslensku og geta því illa nýtt sér íslenskan texta er mikilvægt að leita fleiri leiða til að innleiða innra mat og auka samvinnu leik- og grunnskóla við þá vinnu.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Innra mat er alfarið í höndum leikskólastjóra. Ekki hefur verið lögð fyrir starfsmanna- eða foreldrakönnun. Ekki er til áætlun um aðkomu barna að innra mati.

Opinber birting og umbætur

Engar niðurstöður innra mats eru til staðar.

Styrkleikar

- Samkvæmt leikskólastjóra er búið að ákveða hvaða matstæki á að nota við innra mat leikskólans og kynna fyrsta hluta þess fyrir starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi leik- og grunnskólans með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Gera þarf matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggi til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur.
- Leita eftir sjónarmiðum barna í innra mati.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregin eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.
- Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Grænagarðs: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er rúmgott og býður upp á góð tækifæri til metnaðarfulls uppeldisstarfs.
- Útileiksvæði leikskólans er ekki stórt en vel skipulagt og gefur möguleika á þroskandi leikjum.
- Leikskólinn leggur áherslu á lestrarhvetjandi umhverfi.
- Leikskólinn nýtir sér stuðning og ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði Ísafjarðarbæjar.
- Skóla- og sérkennslufulltrúi er með eftirlitsskyldu varðandi uppeldisstarfið í leikskólanum.
- Starfsáætlun er til staðar í leikskólanum en nauðsynlegt er að yfirfara leikskólakafla hennar með aðkomu starfsmanna, foreldra og barna.
- Lögbundnar áætlanir eru til um viðbrögð við áföllum, vegna forvarnar og öryggismála og um upphaf leikskólagöngu barna.
- Til eru verkferlar og skráningareyðublöð vegna slysa í leikskólanum.
- Rýmingaráætlun er vel sýnileg í öllum rýmum leikskólans.
- Almennt eru starfsmenn og foreldrar ánægðir með stjórnun leikskólans og upplýsingagjöf innan hans.
- Starfsandi og skólabragur er góður og byggir á samvinnu starfsmanna, þeim líður vel í vinnunni og telja þekkingu sína og hæfni vel nýtt.
- Starfsmenn eru í flestum tilfellum uppbyggjandi þegar þeir leiðbeina börnunum í samskiptum.
- Starfsmenn á yngri deild taka virkan þátt í frjálsum leik barnanna.
- Samábyrgð starfsmanna er sýnileg og jákvæð samskipti innan hópsins.
- Vel er staðið að aðlögun nýrra barna í leikskólanum og móttökuáætlun er til fyrir börn sem eru að hefja leikskólagöngu.
- Afslappað andrúmsloft er í leikskólanum og börnunum líður vel.
- Markviss vinna er með læsi og stærðfræði á yngri deild.
- Samstarf er milli leikskóla og íþróttahúss grunnskólans.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.
- Gott samstarf er milli stjórnenda og starfsmanna leikskólans og skóla- og sérkennslufulltrúa.
- Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leik- og grunnskóla og eiga báðir skólar fulltrúa í stjórn.
- Samstarf er milli leikskóla Ísafjarðarbæjar.
- Samstarf er við íþróttahús grunnskólans og slökkvilið bæjarins.

- Skóla- og sérkennslufulltrúi skóla- og tólmstundasviðs Ísafjarðarbæjar veitir ráðgjöf vegna sérkennslu/stuðnings í leikskólanum.
- Í leikskólanum er unnið eftir óskráðum ferli ef grunur vaknar um frávik hjá börnum.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Leikskólinn getur kallað til túlk af með þarf.
- Tvisvar í viku er íslenskukennsla fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Samkvæmt leikskólastjóra er búið að ákveða hvaða matstæki á að nota við innra mat leikskólans og kynna fyrsta hluta þess fyrir starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, ummönnum og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Ráða þarf deildarstjóra fyrir leikskólann en jafnframt skoða hvort réttara væri að reka leikskólann sem eina deild með einum deildarstjóra.
- Nauðsynlegt er að fjölga íslenskumælandi starfsmönnum í leikskólanum Miðað við núverandi samsetningu starfsmannahópsins er erfitt að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Mikilvægt er að nýta hverja þá aðstoð sem hægt er að fá í samfélaginu til að bæta íslenskt málumhverfi í leikskólanum.
- Endurskoða þarf starfsáætlun fyrir 2018-2019. Leikskólinn þarf að setja sér ákveðna stefnu, markmið og einkunnarorð með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins og gera sýnilegt á heimasíðu leikskólans.
- Framkvæma ætti tillögur um úrbætur sem fram koma í Lokaskýrslu.
- Auka þarf og skipuleggja betur stuðning og ráðgjöf við leikskólastjóra.
- Vinna þarf nýja skólanámskrá í samræmi við áherslur aðalnámskrár leikskóla og skólustefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn, foreldrar og börn þurfa að taka þátt í þessari vinnu og skólanámskrá skal síðan vera sýnileg á heimasíðu leikskólans.
- Endurskoða leikskólahluta starfsáætlunar með starfsmönnum, foreldrum og börnum og starfsáætlun á að vera sýnileg á heimasíðu leikskólans og virk í starfi leikskólans.
- Skoða mætti hvort hægt væri að fjölga fólki til afleysinga í leikskólanum og auka samvinnu starfsmanna í leikskóla og grunnskóla.
- Gera þarf leiðbeinandi starfsmannahandbók í samræmi við starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar og gera hana aðgengilega fyrir starfsmenn.
- Greina þarf óskir starfsmanna um fræðslu sem hentar þeim og leikskólastarfinu og leita leiða til að auðvelda þeim að sækja símenntun.
- Æskilegt er að leikskólastjóri fylgist með námi og starfi á deildum í því skyni að veita starfsmönnum leiðsögn og endurgjöf.
- Tryggja þarf að starfspróunarsamtöl séu tekin árlega og unnið markvisst með niðurstöður þeirra.
- Kynna þarf betur áætlanir um viðbrögð við áföllum og forvarnarstefnu Ísafjarðarbæjar fyrir starfsmönnum og gera aðgengilegar í leikskólanum.

- Endurskoða og endurnýja þarf leikefni og efnivið og gera aðgengilegri fyrir börnin.
- Æskilegt er að endurskoða og endurnýja leikefni og efnivið og gera aðgengilegri fyrir börnin.
- Uppfæra og samræma þarf dagskipulag í leikskólanum og gera aðgengilegt fyrir foreldra.
- Bæta þarf vinnu með læsi og stærðfræði á eldri deild og skoða hvernig unnið er með ljóð, sögur og þulur.
- Leggja þarf áherslu á aðkomu barna að ákvarðanatökum og vali á verkefnum.
- Auka þarf áherslu á sjálfshjálpi barnanna í matartímum.
- Leggja aukna áherslu á vettvangsferðir og útinám.
- Leggja aukna áherslu á þátttöku og ábyrgð barna í flokkun.
- Gera einingarkubba aðgengilega fyrir börnin.
- Leggja aukna áherslu á skapandi starf í leikskólanum, yfirfara efnivið til skapandi starfs og gera aðgengilegan fyrir börnin.
- Æskilegt að auka búnað til vísindastarfs í tengslum við rannsóknir, ræktun og útinám.
- Meta hvernig unnið er með tónlist í leikskólanum og auka ef með þarf.
- Leita þarf leiða til að meta nám og framfarir barna með aðkomu starfsmanna og foreldra.
- Kjósa skal foreldraráð við leikskólann í samræmi við Lög um leikskóla 90/2008, 11 grein.
- Auka þarf upplýsingar til foreldra um börnin og daglegt starf í leikskólanum.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu og hafa á fleiri tungumálum en íslensku.
- Gera ætti sýnilegt fyrir starfsmenn og foreldra skipulag um samstarf leikskóla, grunnskóla, dægradvalar og íþróttahúss.
- Skrá ætti feril vegna gruns um frávik hjá börnum og gera sýnilegan í leikskólanum.
- Auka ætti vinnu með fjölmenningu í leikskólanum.
- Auka þarf íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál.
- Leggja ætti áherslu á að upplýsingar séu á fleiri tungumálum en íslensku.
- Skipa matsteymi leik- og grunnskólans með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Gera þarf matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur.
- Leita eftir sjónarmiðum barna í innra mati.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregin eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.
- Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Grænagarði leiðir í ljós að miðað við aðstæður er reynt að vinna gott leikskólastarf. Almennt er ánægja með samskipti við leikskólastjóra, starfsandinn góður og starfsmenn sögðu þekkingu sína og hæfni nýttu. Áhersla er lögð á bók- og stærðfræðilæsi en auka þarf áherslu á læsi í víðum skilningi í samræmi við áherslur Aðalnámskrár leikskóla 2011.⁵⁵ Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunnskólann og íþróttahúsið og nýtur aðstoðar sjálfboðaliða eldri borgara við að lesa á íslensku fyrir börnin. Kennari úr grunnskólanum kemur tvisvar í viku og kennir börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Ástæða er til að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvarðanatökum um viðfangsefni og verkefnaval. Auka þarf daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og leikskólastarfið. Leikskólinn hefur ekki virka skólanámskrá og hefur ekki sett sér stefnu og einkunnarorð. Gera þarf nýja skólanámskrá sem samræmist aðalnámskrá leikskóla 2011 og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Endurskoða þarf kafla leikskólans í starfsáætlun sameinaðs skóla með aðkomu allra hagsmunaaðila. Markvisst þarf að vinna innra mat leikskólans út frá áætlunum til lengri og skemmri tíma, skrifa greinargerð og vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðum.

Í leikskólanum er einungis starfandi einn starfsmaður í tímabundnu starfi sem hefur íslensku að móðurmáli fyrir utan leikskólastjórann. Foreldrar lýstu yfir miklum áhyggjum af þessari stöðu, mál-umhverfi barnanna er ekki íslenskt og starfsmenn þekkja ekki til íslenskrar menningar. Helmingur barnanna í leikskólanum á annað móðurmál en íslensku og í þessari stöðu er hætta á að íslenskunám þeirra verði rýrt. Það er því bráðnauðsynlegt að leita allra leiða til að auka hlutfall starfsmanna í leikskólanum sem eiga íslensku að móðurmáli, til að bæta stöðu íslenskunnar í leikskólanum og auka vinnu með menningu barnanna í leikskólanum bæði barna sem eiga íslensku að móðurmáli og barna sem eiga annað móðurmál.

55 Aðalnámskrá leikskóla.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. apríl 2019. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Heimasíða Ísafjarðarbæjar. Sótt á vef 30. mars 2019. Slóðin er:

https://www.isafjordur.is/static/files/Starfsmannavefur/Eydublod/Starfsmannasamtol/hvers_vegna_starfsmannasamtol_-f.stjornendur.pdf

Leikskóladagatal. Sótt á vef 14. apríl 2019. Slóðin er:

<http://gron.isafjordur.is/graenigardur/skoladagatal/skra/34/>

Lokaskýrsla – samráðshópur um leik- og grunnskóla á Flateyri 2018. Krístrún Lind Birgisdóttir Trappa ehf. Gögn frá leikskólastjóra.

Lög um leikskóla nr. 90/2008. Sótt á vef 14. apríl 2019. Slóðin er:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.htm>

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Sótt á vef 14. apríl 2019. Slóðin er:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html>

Minnisblað frá leikskólastjóra mars 2019.

Skólanámskrá Grænagarðs 2014.

Skólustefna Ísafjarðarbæjar. Sótt á vef 13. mars 2019. Slóðin er:

https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Skolamal/skolustefna_isafjardarbaejar.pdf

Starfsáætlun leikskólans.

Starfsmannastefna Ísafjarðarbæjar. Sótt á vef 30. mars 2019. Slóðin er:

<https://www.isafjordur.is/is/stjornsysla/frettir-og-utgafa/utgefid-efni/stefnur>

Tölvupóstur frá skóla- og sérkennslufulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Viðtöl:

Viðtal við fulltrúa í foreldrafélagi leik- og grunnskóla.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við skóla- og sérkennslufulltrúa, Skóla- og frístundasviðs Ísafjarðarbæjar.

Viðtal við sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs Ísafjarðarbæjar.

Viðtöl við starfsmenn.

